



## **IFRS 16 Leigusamningar** Breytingar á reikningshaldslegri meðferð

mars 2019

# Leigusamningar – aðstoð við innleiðingu

**Pann 1. janúar 2019 tók gildi IFRS 16 um leigusamninga, en upptaka staðalsins hefur í för með sér miklar breytingar á reikningshaldslegri meðferð leigusamninga fyrir þau fyrirtæki sem innleitt hafa alþjóðlega reikningskilastaðla (IFRS). Að öllu óbreyttu þá munu þessar kröfur einnig eiga við um þau félög sem gera ársreikninga sína í samræmi við lög um ársreikninga.**

## FYRIRHUGAÐAR BREYTINGAR

IFRS 16 setur fram nýjar leiðbeiningar um reikningshaldslega meðferð leigusamninga í reikningskilum leigutaka og leigusala. Mest verður breytingin fyrir leigutaka, en með innleiðingu IFRS 16 var leigutökum gert skylt

að færa leigusamninga í efnahagsreikning þar sem núvirði leigugreiðslna er eignfært sem nýtingaréttur með mótbókun á leiguskuld.

Fyrir leigutaka sem gert hafa rekstrarleigusamninga, hefur IFRS 16 áhrif á flokkun gjalda í rekstrarreikningi. Í stað þess að gjaldfæra leigu vegna rekstrarleigusamninga línulega á meðal rekstrargjalda yfir líftíma þeirra verður nýtingarréttur gjaldfærður með afskriftum yfir líftíma samningsins, en búast má við að nýtingarréttur sé yfirleitt afskrifaður línulega.

Meðferð á leiguskuld verður með sama hætti og fyrir langtímalán með jöfnum greiðslum. Eins og með jafngreiðslulán má búast við að

gjaldfærsla vaxta verði framhlaðin þar sem mesta gjaldfærsla vaxta fer fram fyrri hluta leigutímans og lækki svo eftir því sem á líður.

Skilgreining á leigutíma getur verið verulega matskennd með hliðsjón af undirliggjandi leigusamningum en auk þess er mikilvægt að huga vel að því hvaða samningar kunna að falla utan gildissviðs staðalsins.

Deloitte veitir aðstoð við innleiðingu staðalsins auk þess sem við höfum hannað líkan sem nýtist sem heildarlausn við innleiðingu IFRS 16.

## Þjónusta Deloitte

### Reikningshaldsleg aðstoð

- Deloitte hefur aðstoðað fjölda félaga við innleiðingu á IFRS 16. Við bjóðum upp á aðstoð við innleiðinguna í heild eða að hluta.
- Í lok innleiðingarferlisins munum við bjóða stjórnendum útreikningslíkan sem heldur utan um alla leigusamninga félagsins sem og skýrslu þar sem kynnt verða áhrif á rekstrar- og efnahagsreikning ásamt leiðbeiningum um hvernig fyrirtæki þurfa að bera sig að í framhaldinu.
- Við aðstoðum einnig við uppfærslu á skýringum og reikningsskilaaðferðum, útreikning á afvöxtunarstuðli og skjölun á rökstuðningi og reikningsskilaaðferðum.

### Útreikningslíkan

- Deloitte hefur hannað Excel útreikningslíkan sem er einfalt í notkun og hentar fyrir langflestar tegundir leigusamninga.
- Líkanið nýtist við reikningshalds- og fjárhagsáætlunargerð vegna leigusamninga og veitir leiðbeiningar um beitingu helstu ákvæða staðalsins.
- Í líkaninu er tekið tillit til ýmissa vísitölutenginga, mismunandi mynta og mismunandi greiðslutíðni samninga.
- Líkanið gerir einnig ráð fyrir tímabundnum afsláttum eða samningsbundnum hækkunum/ lækkunum leigugreiðslna.
- Í samantekt tölulegra upplýsinga veitir líkanið svo upplýsingar um allar færslur og tölulegar upplýsingar sem krafist er samkvæmt reglum staðalsins.

### NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITA:



**Signý Magnúsdóttir**  
yfirmaður reikningsskila  
sm@deloitte.is



**Guðmundur Ingólfsson**  
löggiltur endurskoðandi  
guingolfsson@deloitte.is



**Eypór Guðjónsson**  
löggiltur endurskoðandi  
eg@deloitte.is



**Helgi Einar Karlsson**  
löggiltur endurskoðandi  
helgi@deloitte.is